



Reykjavík, 28. febrúar 2018

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um mannanöfn (148. löggjafarþing 2017-2018, þingskjal 150, 83. mál).

1. grein:

Í 1. mgr. 1. gr. segir að fullt nafn einstaklings sé eiginnafn hans eða eiginnöfn og kenninafn eða kenninöfn. Í greinargerð kemur fram að markmiðið sé „að tryggja rétt einstaklinga til að bera það nafn eða þau nöfn sem þeir kjósa“. Hugtakið nafn hefur ekki skýra afmörkun. Það er heiti einhvers og slík heiti geta verið af ýmsu tagi. Þar sem eiginnafn er ekki skilgreint nánar í frumvarpinu og valfrelsið er áréttað í greinargerð er eðlilegt að túlka hugtakið vítt. Í því felst þá að eiginnafn getur verið orð af hvaða tagi sem er en jafnframt að það þurfi ekki að vera orð, þ.e. það þarf ekki að hafa merkingu og heldur ekki að vera samsett úr málhljóðum eða bókstöfum (einum eða fleirum). Jafnframt felst í því að ekki sé skilyrði að rita eiginnafnið með latneska stafrófinu. Til greina kæmi til að mynda kínverskt myndletur, rúnir, tákn í táknmáli sýnd með myndum eða tákn eins og  eða . Ekkert í frumvarpinu bannar þetta.

Samkvæmt frumvarpinu (6. gr.) skulu nöfn einstaklinga rituð á öllum opinberum skráum og öðrum opinberum gögnum eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma. Ljóst er því að ekki aðeins þjóðskrá heldur fjölmargar stofnanir þurfa að vera í stakk búnar til að skrá nöfn á fjölbreyttan hátt. Í ljósi þessa er eðlilegt að greining á þeim kostnaði sem frumvarpið hefði í för með sér fyrir hið opinbera fylgi frumvarpinu.

Í 2. mgr. 1. gr. segir að kenna skuli barn til foreldris eða foreldra þess. Jafnframt segir í 4. mgr. 1. gr. að heimilt sé að kenna ófeðrað barn til afa síns eða ömmu. Við þetta er margt að athuga. Í fyrsta lagi geta börn átt tvær mæður. Feðrun barna er því úrelt hugtak. Í öðru lagi ætti þetta að vera óþarft þar sem börn má kenna til móður sinnar. Í þriðja lagi felst í þessu ójafnræði. Ef sá sem á móður en engan föður má kenna sig til ömmu sinnar eða afa, því má þá sá sem á bæði móður og föður ekki kenna sig til ömmu sinnar eða afa? Í fjórða lagi á barn sem kona gefur karli eða körlum til ættleiðingar ekki móður og ætti að hafa sama rétt til að kenna sig til ömmu eða afa eins og barn sem ekki á föður.

Í 5. mgr. 1. gr. segir að heimilt sé að nota ættarnafn sem kenninafn. Ættarnafn er ekki skilgreint nánar og má því gera ráð fyrir sams konar valfrelsi og gildir um eiginnöfn. Í greinargerð kemur einnig fram að gert er ráð fyrir því að fólki sé heimilt að taka upp ný ættarnöfn og þá að gefa börnum sínum ný ættarnöfn. Ekkert virðist heldur útiloka að fólk gefi börnum sínum ættarnöfn sem nú þegar eru til og fylgja fjölskyldum. Raunar er ekkert skilyrði sett um að ættarnöfn fylgi fjölskyldum og því geta

foreldrar þriggja barna gefið þeim þrjú ættarnöfn. Þar með er ættarnafn orðið marklaust hugtak. Þá er það ekkert annað en seinna eða síðasta nafn. Eftir stendur þá að gefa beri barni að minnsta kosti tvö nöfn, það fyrra kallast samkvæmt frumvarpinu eiginnafn en það síðara kenninafn eða ættarnafn. Verði frumvarpið að lögum get ég því breytt nafni mínu í Margrét Margrét (og litið svo á að hið fyrra sé eiginnafn en það seinna „ættarnafn“) en ekki í Margrét. Í ljósi þess frjálsræðis sem boðað er með lagafrumvarpinu þykir mér óeðlilegt að skylda fólk til að bera eða gefa barni tvö nöfn.

2. grein:

Í 2. mgr. 2. gr. er ábyrgð á því að tilkynna um nafngjöf til Þjóðskrár Íslands færð frá foreldrum til trúfélags eða lífsskoðunarfélags sé barni gefið nafn við athöfn hjá slíku félagi. Eðlilegra er að foreldrar beri sömu réttindi og skyldur óháð því hvernig staðið er að nafngjöf.

4. grein:

Samkvæmt 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 ber foreldrum „að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til.“ Þar segir einnig að afstaða barns skuli „fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.“

Í 4. mgr. 4. gr. segir að breyting á eiginnafni barns undir 18 ára aldri skuli háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri. Þessi aldursmörk þykja mér alltof há og tel að yngri börn en 12 ára eigi að hafa rétt til að hafna eða samþykkja breytingu á nafni sínu.

Virðingarfyllt,

Margrét Guðmundsdóttir
málfræðingur
Melbæ 24
110 Reykjavík